

Reykjavík, 21. september 2020
SFS2020060061
193. fundur
HG/img/hhl

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingar á opnunartíma leikskóla vegna Covid-19

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um breytingar á opnunartíma leikskóla Reykjavíkur vegna COVID-19. Hversu margir leikskólar hafa skertan opnunartíma 1. júní 2020 og hverjar eru forsendur fyrir þeim skerta opnunartíma?

Svar:

Allir leikskólar Reykjavíkurborgar voru með skerta opnun 1. júní 2020.

Vegna hættustigs á tímum farsóttar er talið mikilvægt að halda hólfun í leikskólunum eins og kostur er og í því sambandi er mikilvægt að allt starfsfólk sé komið til starfa klukkan 8:30 til að komast hjá blöndun hópa, ekki hvað síst starfsmanna. Jafnframt er mikilvægt að starfsfólk sinni frágangi og sótthreinsun í lok dags og undirbúningi næsta dags eftir að börnin fara úr húsi.

Starfsmannarými í leikskólum eru alla jafna fremur þröng s.s. kaffistofur og undirbúningsaðstaða og til að fækka fólki í rýmum hefur þeim tilmælum verið beint til stjórnenda að gera starfsfólki kleift að taka undirbúningstíma heima. Þess vegna er gjarnan færri fólk í húsi síðdegis en í eðlilegu árferði.